

Mánudaginn 23. apríl 1951.

Nr. 82/1948. **Magnús Vigfússon** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Almennum tryggingum h/f

(Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar hrl. Lárus Jóhannesson
og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd.
Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans
Hallvarðssonar.

Vátryggingarfélagi dæmt að greiða brunatjón í hlutfalli við vátryggingarverð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1948, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 28.600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. júní 1947 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 1/1924 er bæjarstjórn Reykjavíkur rétt að semja við eitt eða fleiri brunabótafélög um tryggingar gegn eldsvoða í Reykjavík. Í 2. gr. laganna er svo kveðið á, að húsin skuli tryggð hjá þeim félögum, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, er samningurinn tiltekur. Með lögum nr. 87/1943 var enn mælt, að bæjarstjórn sé heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík eftir reglu, sem bæjarstjórn setur með samþykki ráðherra.

Stefndi tókst á hendur með samningi við bæjarstjórn Reykjavíkur brunatryggingar í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. apríl 1944 að telja. Voru þá lagðar til grundvallar við útreikning tryggingariðgjalda þær brunabótavirðingar, sem þá giltu, sbr. þó lög nr. 87/1943. Í 2. tölulið 6. gr. almennra vátryggingarskilyrða, sem um var samið, segir, að

fari andvirði þeirra muna, sem til voru rétt fyrir brunann, fram úr váttryggingarfjárhæðinni, þá verði bætt hlutfallslega (pro rata).

Brunabótavirðing á húsi áfrýjanda, er framkvæmd hafði verið samkvæmt 2. gr. laga nr. 1/1924, var hinn 1. apríl 1944 kr. 53.600.00, og hélzt sú brunabótavirðing, þar til bruninn varð hinn 17. nóvember 1946, enda leiddu ákvæði laga nr. 87/1943 og reglur, settar samkvæmt þeim, ekki til hækkunar á brunabótavirðingunni.

Samkvæmt þessu ollu ákvæði og framkvæmd laga nr. 87/1943 því, að hús í Reykjavík urðu ekki fulltryggð, þrátt fyrir það þó til þess væri ætlaðt, er lög nr. 1/1924 voru sett. Stefndi hafði með 6. gr. hinna almennu váttryggingarskilyrða einungis undirgengizt að greiða bætur, miðaðar við hlutfallið milli váttryggingarfjárhæðar og fullvirðis eignar þeirrar, er brunatjón varð á. Verður ekki talið, að ákvæði laga nr. 1/1924 og 87/1943 leggi honum skyldu til greiðslu frekari bóta á hendur. Samkvæmt því, er nú var rakið, svo og með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. marz 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Magnús Vigfússon, Bókhlöðustígi 11 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, með stefnu, útgefinni 5. júní s. l., gegn Almennum tryggingum h/f hér í bænum til greiðslu brunabóta, að fjárhæð kr. 28.600.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu, gegn greiðslu á kr. 16.018.39 án vaxta og málskostnaðar að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, sem hér greinir:

Samkvæmt lögum nr. 1 frá 26. marz 1924 og lögum nr. 87 frá 16. des. 1947 var á árinu 1944 gerður samningur milli bæjarstjórnar Rvíkur f. h. Reykjavíkurbæjar og stefnda. Tók stefndi samkvæmt honum að sér brunatryggingar allra húsa í lögsagnarumdæmi bæjarins. Í 1. gr. samningsins er svo mælt, að grundvöllur réttarsambandsins milli stefnda og váttrygððu séu

almennir vátryggingarskilmálar, sem voru fylgiskjal með samningum. Stefnandi var eigandi hússins nr. 11 við Bókhlöðustíg, og var það að sjálf-sögðu eitt þeirra húsa, er framangreindur samningur tók til. Fram til ársins 1943 hafði brunabótamat húss þessa verið kr. 23.400.00, en á því ári var það hækkað í kr. 53.600.00. Hélt það mat óbreytt, eftir að stefndi tók við vátryggingunni. Í eldsvoða hinn 17. nóvember 1946 skemmdist hluti húss þessa af eldi. Var tjónið metið kr. 28.600.00. Einnig lét stefndi menn þá, sem dómkvaddir hafa verið til að virða hús hér í bænum til brunabóta, meta, hvers virði húsið hefði verið, áður en tjónið varð. Samkvæmt því mati var sannvirði hússins talið kr. 95.700.00. Stefnandi krafði stefnda síðan um að fá tjónið bætt fullu matsverði, kr. 28.600.00, en stefndi neitaði að greiða meira af því en sem næmi hlutfallinu milli vátryggingarverðs hússins og sannvirðis þess fyrir brunann. Nam sú fjárhæð, er stefndi bauðst til að greiða, kr. 16.018.39. Stefnandi neitaði að veita þeirri fjárhæð viðtöku án fyrirvara, og þar eð stefndi hefur ekki viljað greiða féð af hendi nema gegn fyrirvaralausri fullnaðarkvittun, hefur ekkert verið greitt af bótafénu.

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði gert að greiða brunatjónið að fullu. Kröfu þessa byggir hann á því, að samkvæmt lögum um brunatryggingar í Reykjavík sé skylt að vátryggja allar húseignir innan lög-sagnarumdæmis bæjarins með fullu verði þeirra. Þessa skyldu telur hann stefnda hafa tekizt á herðar með samningi þess við Reykjavíkurbæ. Eins og áður greinir, var brunabótaverð húss stefnanda kr. 53.600.00, er stefndi tók við tryggingu þess. Það verð var ákveðið snemma árs 1943. Telur stefnandi, að þetta verð beri að leggja til grundvallar sem sannvirði hússins í sambandi við bótageiðslu, enda hafi ekki verið heimilt að breyta þessari virðingu, nema sem nam breyttri vísitölu byggingarkostnaðar, en hækkun hennar, frá virðingardeggi og fram til þess tíma, að tjónið varð, nam ekki 5%. Mun þeirri reglu hafa verið fylgt, að breytingar á vísitölu, sem námu minna en 5%, voru ekki látnar hafa áhrif á útreikning brunabótaverðsins. Samkvæmt þessu telur stefnandi, að stefnda sé óheimilt að leggja til grundvallar um sannvirði hússins matsgerð þá, er fram fór eftir brunann. Einnig hefur hann mótmælt matsgerð þessari sem of hárrí. Loks hefur stefnandi lagt áherzlu á það, að engin heimild sé til þess, hvorki lagaleg né samkvæmt samningi, að líta svo á, að húsið hafi verið í sjálfsábyrgð að hluta.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt hinum almennu vátryggingarskilyrðum, sem einnig giltu um tryggingu á húsi stefnanda, sé það regla, að fari verðmæti brunatryggðra hagsmuna fram úr vátryggingarverði þeirra, verði tjón á hagsmununum aðeins bætt hlutfallslega. Nú sýni virðing sú, sem gerð var á húsinu eftir brunann, að sannvirði þess hafi verið meira en vátryggingarverðið, og beri því aðeins að bæta tjónið samkvæmt hlutfallinu milli matsverðsins og vátryggingarverðsins. Stefnandi hefur í þessu sambandi bent á, að samkvæmt þeim reglum, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur sett um virðingu húsa til brunabóta, beri að miða tryggingarverðið við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, en

sýnilegt sé, að vísitalan sýni ekki réttilega þá hækkun, sem orðið hefur á byggingarkostnaðinum, og því verði húsin yfirleitt miklu lægra tryggð en sannvirði nemur. Kveðst stefndi hafa reynt að fá reglunum um virðingar breytt og virðingarnar færðar nær sannvirði, en án árangurs. Þegar þetta brást, lét stefndi prenta aftan á iðgjaldakvittanir sínar áskoranir til húseigenda um að athuga, hvort hús þeirra væru tryggð í samræmi við byggingarkostnað, og enn fremur ábendingu um, að þeim væri heimilt að óska endurmats, ef þeir teldu eignina eigi fulltryggða.

Samkvæmt 2. gr. laga um brunatryggingar í Reykjavík nr. 1 frá 1924, sbr. lög nr. 87 frá 16. desember 1943, skulu öll hús í lögsagnarumdæmi bæjarins vera tryggð fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna hjá féllögum þeim, sem bæjarstjórn hefur samið við um trygginguna. Enn fremur segir í nefndri lagagrein, að bæjarstjórn skuli hafa eftirlit með virðingargæðunum og að ekkert hús skuli tekið í ábyrgð fyrir hærri fjárhæð en hún álitur hæfilega. Í lögum nr. 87 frá 1943, 1. gr., er bæjarstjórn heimilað að breyta árlega brunabótaverði húsa samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík. Mun þessi aðferð hafa verið höfð við ákvörðun og breytingu brunabótaverðs hin síðari ár.

Þann 1. febrúar 1943 mátu tveir dómkvaddir virðingarmenn húsið til brunabóta á kr. 53.600.00. Það mat hefur ekki verið véfengt. Eftir það gerði stefnandi ekki reka að því að fá matið hækkað, en aðiljar eru sammála um, að ekki hafi fyrir brunann verið orðin slík hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar, að brunabótamat hússins hafi átt að hækka af þeim sökum. Brunabótamat margnefnds húss hefur því verið ákveðið samkvæmt þeim reglum, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hafði sett þar að lútandi. Bar stefnda samkvæmt áðurgreindum ákvæðum 2. gr. laga nr. 1 frá 1924 að tryggja húsið fyrir þá fjárhæð, og verður eigi á það falli, að stefndi hafi tekið að sér að ábyrgjast tjón á húsinu með hærri fjárhæð, þótt sannvirði þess kynni að reynast meira. Er einnig á það að líta, að iðgjöld til stefnda voru miðuð við brunabótaverð hússins.

Matsgerð þeirri, sem fór fram um verðmæti hússins fyrir brunann, hefur eigi verið hnekkt, og ekkert er fram komið, sem gerir varhugavert að treysta henni. Verður því að leggja hana til grundvallar um sannvirði hússins fyrir brunann.

Í 2. tl. 6. gr. almennra váttryggingarskilyrða stefnda, sem hér eiga við, er m. a. tekið fram, að fari andvirði þeirra muna, sem til voru rétt fyrir brunann, fram úr váttryggingarupphæðinni, verði tjón aðeins bætt hlutfallslega (pro rata). Samkvæmt framansögðu var andvirði húss stefnanda fyrir brunann kr. 95.700.00, en váttryggingarfjárhæð þess var kr. 53.600.00. Ber stefnda því eingöngu að bæta stefnanda 536/957 hluta tjónsins, sem aðiljar eru sammála um, að hafi numið kr. 28.600.00. Samkvæmt þessu ber að taka til greina kröfu stefnda um sýknu gegn greiðslu á kr. 16.018.39, en rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1800.00, svo og 6% vexti frá stefnudegi til greiðsludags.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar tryggingar h/f, greiði stefnanda, Magnúsi Vigfússyni, kr. 16.018.39 með 6% ársvöxtum frá 5. júní 1947 til greiðsludags og kr. 1800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. apríl 1951.

Nr. 69/1949. **Jóhann Kristjánsson** (Ólafur Þorgrímsson)
 gegn
Böðvari Jónssyni (Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar hrl. Lárus Jóhannesson
 og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd.
 Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans
 Hallvarðssonar.

Kaupkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. marz s. á. Krefst hann aðallega algerrar sýknu, en til vara lækkunar á kröfum stefnda í málinu. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jóhann Kristjánsson, greiði stefnda, Böðvari Jónssyni, málskostnað í Hæstarétti, kr. 1000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.